

Upplýsingar um nýjar framkvæmdir og sjálfbær umsvif í vatnaáætlun 2028-2033

Umhverfis- og orkustofnun vinnur að endurskoðun [vatnaáætlunar](#) samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrsta vatnaáætlun tók gildi í apríl 2022 og gildir til 2027. Endurskoðuð vatnaáætlun verður staðfest í byrjun árs 2028.

Í 20. grein laganna segir frá þeim þáttum sem gera þarf grein fyrir í vatnaáætlun. Í e-lið segir að gera skuli grein fyrir *áætlunum um nýjar framkvæmdir, ný sjálfbær umsvif eða breytingum á vatnshlotum*.

Umhverfis- og orkustofnun **óskar því eftir upplýsingum um áætlanir um verkefni sem stefnt er að komi til framkvæmda á tímabilinu 2028-2033 sem munu líklega valda því að umhverfismarkmið vatnshlots næst ekki og sækja þurfi um heimild til breytinga á vatnshloti skv. 18 gr. laga um stjórn vatnamála.**

Gera þarf [áhrifamat fyrir vatnshlot](#) áður en til leyfisveitingar kemur þar sem framkvæmdir eða starfsemi hefur áhrif á vatnshlot. Áhrifamatinu er ætlað að svara þeirri spurningu hvort umhverfismarkmið næst vegna framkvæmdarinnar eða starfseminnar, en umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi.

Ljóst er að ýmis verkefni sem ráðgert er að komi til framkvæmda á þessu tímabili eru á misjöfnum stað í hugmynda- og hönnunarferli. Þrátt fyrir það eru framkvæmdaaðilar hvattir til að koma upplýsingum um þær á framfæri við stofnunina, jafnvel þó að umtalsverðar breytingar gætu átt sér stað síðar eða jafnvel að ekki verði af framkvæmdinni.

Stofnunin ítrekar þó að framkvæmd þarf ekki að koma fram í vatnaáætlun til að hægt sé að sækja um heimild til breytinga á vatnshloti. Umhverfis- og orkustofnun mælir þó með því að slíkt sé gert þar sem vatnaáætlun er í opinberi kynningu í hálf t. ár og til hagsbóta fyrir framkvæmdaraðila að aðkoma almennings sé tryggð þegar ákvarðanir varðandi vatn er annars vegar.

Skilafrestur er til og með 30. september 2026. Hægt er að skila upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar á slóðina hér fyrir neðan:

[Upplýsingar um nýjar framkvæmdir og sjálfbær umsvif í vatnaáætlun 2028-2033 – Fill out form](#)

Stofnunin ítrekar jafnframt að þær upplýsingar sem settar eru inn í eyðublaðið (Forms) eru á ábyrgð framkvæmdar eða rekstraraðila. Stofnunin mun ekki breyta þeim upplýsingum sem settar eru fram varðandi framkvæmd eða starfsemi. Þær upplýsingar sem settar eru inn í spurningar 1 - 4 á slóðinni (Forms) hér fyrir ofan munu birtast í viðauka vatnaáætlunar 2028-2033 sem fer í opinbera kynningu í lok árs 2027.

Fyrir frekar upplýsingar er hægt að senda fyrirspurn á netfangið vatn@uos.is eða uos@uos.is